Textílmennt

Árgangur
8. bekkur

Markmið
Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar 2007.*

Inntak náms
Nemandi á að:

- geta nýtt sér mismunandi aðferðir textílgreinarinnar til að vinna með eigin hugmyndir.
- geta beitt verklagi, áhöldum og vélum textílgreinarinnar.
- vinna sjálfstætt að eigin textílverki og beita áunninni þekkingu í hekli, prjóni, útsaumi,vélsaumi o.fl.
- geta skipulagt eigið vinnuferli og fylgt því eftir.
- geta nýtt sér orðaforða textílgreinarinnar.
- geta notað handbækur og gögn greinarinnar.
- hafa tamið sér vandvirkni og góða umgengni við vinnu sína.
- gera sér grein fyrir að öguð vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í handverki.

Námsgögn
Verklýsingar gerðar af kennara.
Halme,Vuorio,Bask,Wennervita, Hannyrðir í 3.-6.bekk Námsgagnastofnun Reykjavík 1989
Erla Eggertsdóttir, Lærið að prjóna Kompan ehf. 2008
Unnur Breiðfjörð, Á prjónunum 1999
Ýmsar handbækur, myndbönd og blöð til stuðnings og hugmyndaauka.

Kennsluskipan
Kennslan fer fram í textílstofu. Fagið er valfag, kennt er 2 kennslustundir á viku allan veturinn.

Námsmat
Stöðugt mat á vinnu nemenda. Metið er virkni, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, ástundun, samstarfshæfni.

Árgangur
9. bekkur

Markmið
Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar 2007.*

Inntak náms
Nemandi á að:

- sýna frumkvæði að verkefnum og verkefnavali.
- vinna sjálfsætt að eigin textílverki og beita áunninni þekkingu í hekli, prjóni, útsaumi, vélsaumi o.fl.
- geta beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við textílvinnu.
- geta notað handbækur og gögn greinarinnar.
- geta nýtt sér orðaforða greinarinnar.
- skipuleggja eigið vinnuferli, gera skriflega vinnuáætlun og lauslega uppdrætti/skissur að verkefni.
- þjálfast í að hugleiða mismunandi lausnir á textílverkefnum.
- skilja að skipulag vinnuferlis og góð nýting hráefnis skiptir sköpum í framleiðslu textílmuna.
- gera sér grein fyrir að öguð vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í handverki.

Námsgögn
Verklýsingar gerðar af kennara.
Halme,Vuorio, Bask, Wennervirta. 1983. Þýðing Guðrún Hannele Henttinen. Hannyrðir í 3.-6 bekk. Námsgagnastofnun. Unnur Breiðfjörð. 1999. Á prjónunum. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
Erla Eggertsdóttir, Kompan ehf.2008, Lærið að prjóna
Ýmsar handbækur, myndbönd og blöð til stuðnings og hugmyndaauka.

Kennsluskipan
Kennslan fer fram í textílstofu. Fagið er valfag. Kennt er tvær kennslustundir á viku allan veturinn.

Námsmat
Stöðugt mat á vinnu nemenda. Metið er sjálfstæð vinnubrögð, virkni, frumkvæði, ástundun, samstarfshæfni.

Árgangur
10. bekkur

Markmið
Sjá *Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar 2007.*

Inntak náms
Áhersla lögð á sjálfstæða vinnu nemenda á grundvelli fyrra náms.
Nemandi á að :

- vinna sjálfstætt að eigin textílverki
- skipuleggja eigið vinnuferli, gera lauslega uppdrætti/skyssur að verkefni
- gera grunnsnið eftir eigin máli
- beita mismunandi aðferðum textílgreinarinnar við úrvinnslu hugmynda, munstra og verkefna
- beita réttum vinnubrögðum og meðhöndlun áhalda, verkfæra og véla af öryggi
- nota handbækur
- nota orðaforða greinarinnar
- fullvinna einfalda flík
- gera vinnubók og vinnuskýrslu
- gera sér grein fyrir að öguð vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í handverki

Námsgögn
Verklýsingar gerðar af kennara.
Inger Öberg og Hervor Ersman.1985. Þýðandi Ásdís Jóelsdóttir. Snið og sniðteikningar, IÐNÚ Reykjavík.
Ýmsar handbækur og tískublöð til stuðnings og hugmyndaauka.

Kennsluskipan
Kennslan fer fram í textílstofu. Fagið er valfag, kennt er 2 kennslustundir á viku allan veturinn.

Námsmat
Stöðugt mat á vinnu nemenda. Metið er virkni, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, ástundun, vinnubrögð, samstarfshæfni.